

Reykjavík, 24.5.2012

Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2011/2012

Stjórn og stjórnarstörf

Stjórn félagsins skipa:

Valgerður Helga Schopka formaður
Ingibjörg Hanna Pétursdóttir varaformaður
Eygló Margrét Lárusdóttir ritari
Rebekka Jónsdóttir gjaldkeri
Laufey Jónsdóttir meðstjórnandi
Sunna Dögg Ásgeirsdóttir meðstjórnandi

Fundartímar eru fastir á mánudögum kl. 9.00 – 11.00. Tekið var hlé frá reglubundnum fundum frá aðalfundi 9. júní 2011 fram til 15. ágúst og í desember. Skráðar eru fundargerðir og þeim haldið til haga. Allt starf stjórnar er rekið í sjálfböðavinnu og í frítíma stjórnarmanna. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fá fjárveitingu/fjármögnun fyrir starfsmann félagsins. Einungis á þann hátt verður unnt að halda úti virkri heimasíðu, sinna fyrirspurnum, efla félagið og starfsemi þess.

Verkefni starfsársins:

Verkefnin hafa verið fjölmörg og hér gefur að líta nánari lýsingu á þeim:

Inntökuskilyrði og félagsaðild

Á aðalfundi í júní 2011 var samþykkt lagabreyting um skýrari inntökuskilyrði inn í félagið. Strax í kjölfarið var öllum félagsmönnum á skrá boðið að endurskrá sig í gegnum rafrænt umsóknareyðublað á heimasíðu félagsins. Fagráð félagsins lagði vinnu í endurskilgreiningu inntökuskilyrða og lýsingu á þeim á sem aðgengilegastan hátt. Þeirri vinnu lauk í apríl 2012 og voru umsækjendur upplýstir um stöðu sína gagnvart félaginu og óskráðir félagsmenn hvattir til að ljúka endurskráningu samkvæmt nýjum inntökuskilyrðum.

Vegna þess hversu lengi dróst að svara umsækjendum voru allir félagsmenn hafðir á skrá og póstlista félagsins síðasta vetur og félagsgjöld ekki innheimt fyrir árið 2011.

Nú þegar eru 55 fatahönnuðir skráðir í félagið en 4 fengu synjun. Ætla má að um 10 – 20 til viðbótar uppfylli skilyrði til inngöngu og er mikilvægt að fá þá til liðs við félagið.

Samþykkt var á stjórnarfundum í apríl 2012 að opið skyldi vera fyrir umsóknir í félagið allan ársins hring, en að Fagráð komi saman einu sinni á ári í október og meti umsækjendur sem ekki uppfylla með skýrum hætti inntökuskilyrði félagsins.

Afmælissýningin *Áratugur af tísku*

Félagið var stofnað árið 2001 og því var ákveðið að efna til sýningar í tilefni af 10 ára afmæli félagsins. Brynhildur Þórðardóttir var formaður afmælisnefndar og með henni störfuðu Inga Björk Andrésdóttir og Rebekka Jónsdóttir fyrir hönd stjórnar. Síðustu daga fyrir sýningu lagði öll stjórnin afmælisnefndinni lið við lokaundirbúning.

Sýningin var haldin í Gerðarsafni í Kópavogi 8.10. – 13.11. og bar heitið *Áratugur af tísku*. Sýningarstjóri var Jóna Hlíf Halldórsdóttir, myndlistarmaður, en þátttakendur í sýningunni voru: Áróra, Ásta Creative Clothes, Farmers Market, Birna, Lúka Art & Design, Skaparinn, Shadow Creatures, ELM, Kurl Projekt, Eva María Árnadóttir, Eygló, Go with Jan, MUNDI, Gust, Guðmundur Jörundsson, Andersen & Lauth, Hanna Felting, Ziska, Ígló, KronKron, IBA-The Indian in Me, Jbj design, Kalda, REY, Forynja, Lykkjufall, Sonja Bent, Path of Love, Sunbird, Thelma, Spaksmannsspjarir, Eight of Hearts, Vera og Bóas.

Ýmsir viðburðir voru skipulagðir í safninu um helgar, svo sem fyrirlestar og spjall við hönnuði. Ásdís Jóelsdóttir tók saman sögu félagsins, Gunnar Hilmarsson hélt framsögu og fleiri tóku þátt. Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ, opnaði sýninguna og við sama tækifæri voru veitt Indriðaverðlaunin í fyrsta sinn.

Indriðaverðlaunin

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuðir átti frumkvæðið að því að Indriðaverðlaunin yrðu að veruleika. Verðlaunin verða veitt annað hvert ár þeim fatahönnuði sem þykir hafa skarað fram úr og eru kennd við klæðskerann Indriða Guðmundsson, heitinn, sem þekktur var fyrst og fremst fyrir gæði og fagmennsku. Epal styður Indriðaverðlaunin með hönnun og gerð sérstaks verðlaunagrips. Var það í höndum Laufeyjar Jónsdóttur fyrir hönd stjórnar að fylgja eftir skilgreiningu verðlaunanna og smíði verðlaunagripa. Sérstök dómnefnd valdi Steinunni Sigurðardóttur til að hljóta verðlaunin fyrir hönnun sína fyrir tímabilið 2009 – 2011.

Hönnuðir bjóða í heimsókn

Stjórn stóð fyrir framlengdri fimmtudagsopnun fatahönnunarverslana í miðbænum í tilefni af Jónsmessu í samstarfi við Miðborgina okkar. Heilsíðuauglýsing þess efnis var útbúin og birt í Fréttablaðinu og skyldi fjármögnuð af þátttakendum. Félagið lagði út fyrir birtingarkostnaði, en hægt gekk að innheimta kostnað og afskrifa þurfti hluta upphæðarinnar. Ekki var ráðist í slíkt verkefni aftur í nóvember eins og árið á undan.

Bleika boðið

Krabbameinsfélagið leitaði enn og aftur til félagsins um stuðning og þátttöku í sýningu Bleika boðsins í október. Ingibjörg Hanna og Eygló sátu fundi með skipuleggjendum og höfðu yfirumsjón með verkefninu fyrir hönd stjórnar. Fjöldi þátttakenda var takmarkaður og ekki allir sem vildu sýna komust að. Eftirfarandi tóku þátt: Andersen&Lauth, Asta Creative, Diza by Alprjón, Farmers Market, Forynja, Gust, Hanna Felting, Luka Art&Design, Lykkjufall, María Lovísa, Nostrum, Rosa Design og Sonja Bent.

Hönnunarstefna Íslands

Hönnunarmiðstöð Íslands hefur haft umsjón með verkefninu “ Mótun Hönnunarstefnu Íslands”. Fyrir hönd Fatahönnunarfélagsins tóku þátt Bergþóra Guðnadóttir, Ingibjörg Hanna Pétusdóttir og Vala Schopka. Hafa þær setið nokkra fundi og ráðstefnu þar að lútandi ásamt því að leggja fram áherslupunkta fyrir hönd félagsins.

HönnunarMars

Undirbúningur vegna HönnunarMars 2012 hófst strax á haustmánuðum. Signý Kolbeinsdóttir hjá AURA tók að sér verkefnastjórn fyrir félagið gegn 10% hlutdeild í þeim styrkjum er henna tækist að safna í verkefnið. Þórey Björk Halldórsdóttir tók að sér listræna stjórn og útfærslu verkefnisins. Laufey Jónsdóttir og Vala Schopka tóku þátt fyrir hönd stjórnar. Erfiðlega gekk að safna styrkjum í verkefnið og aðeins 250 þús. kr. fengust frá Mennta- og menningarmálaráði Reykjavíkurborgar. Takmarkaði það umfang verksins og þýddi mikla útsjónarsemi og sjálfboðavinnu allra sem hlut áttu að máli. Ekki var ljóst fyrr en í mars hvar sýningin yrði hýst, en viðræður höfðu farið fram við Inga Þór um Ráðhúsið og formleg umsókn var send inn til stjórnar HönnunarMars um á fá að sýna í Portinu í Hafnarhúsinu. Að endingu náðist samkomulag við Hönnunarmiðstöð um að sýningin yrði liður í opunarhátíð HönnunarMars og hýst í Portinu. Signý hætti sem verkefnastjóri og Sigrún Halla Unnarsdóttir tók við í lok febrúar 2012.

Sýningin bar heitið „Bak við tjöldin“ - Frá hugmynd að veruleika. Var henni lýst svo :

Í formi listrænnar innsetningar, hljóðverks og gjörnings veitir Fatahönnunarfélag Íslands, undir listrænni stjórn Þóreyjar Bjarkar Halldórsdóttur, innsýn í vinnuferli fatahönnuða, undirbúning, hugmyndavinnu og þá útfærslu sem liggur að baki heillar tískulínu. Innsetningin sýnir á listrænan og áhugaverðan hátt hvað liggur að baki þeirrar vinnu sem fatahönnuðir leggja í hverja flík fyrir sig, allt frá hugmynd að veruleika.

Hugmyndasmíði og nálgun hönnuða er ólík og er innsetningunni ætlað að sýna helstu þrepin í sköpunar- og vinnuferlinu.

Tíu fatahönnuðir taka þátt í sýningunni og einn fremsti hljóðmyndahönnuður Íslands, Lydía Grétarsdóttir, semur hljóðverkið. Félagið hefur að auki fengið til liðs við sig góðan hóp leikara sem framkvæmir gjörning á opnun sýningarinnar. Þar verður því hægt að skyggjast inn í heim fatahönnuða og skoða þróunarferlið sem liggur að baki fullmótaðrar flíkur.

Listrænn stjórnandi / Art Director : Þórey Björk Halldórsdóttir

Verkefnastjórn / Project Management: Sigrún Halla Unnarsdóttir

Hljóðverk / Sound installation : Lydía Grétarsdóttir

Gjörningur / Performances : Sigurður Arent Jónsson, Ragnheiður Bjarnason, Ásrún Magnúsdóttir

Graffískt útlit / graphic look : Eyþór Páll Eyþórsson & Björg Guðmundsdóttir

Búningar / Costumes : Ragnheiður Axel

Aðstoð / Assistance : Guðbjörg Jakobsdóttir, Inga Björk Halldórsdóttir

Starfsmaður og styrksúmsóknir

Eitt af brýnustu verkefnum félagsins er að ráða launaðan starfsmann til að sinna vefsíðu félagsins, markaðs- og kynningarmálum og fyrirspurnum. Haustið 2010 var fundað með Einari Erni Benediktssyni formanni Mennta- og menningarmálaráðs, eins og fram kemur í ársskýrslu fyrir starfsárið 2010 – 2011, og í framhaldi fékk hann ítarlega greinargerð um starfsemi félagsins. Einar Örn tók vel í fyrirspurn um stuðning við ráðningu starfsmanns í a.m.k. hálf tölubúgildi til að byrja með. Erindi félagsins skyldi tekið fyrir á fundi hjá Mennta- og menningarmálaráði en það dróst fram á sumar 2011. Engin skýr svör fengust frá Einar Erni um málið fyrr en í september 2011. Þá varð ljóst að ekki fengist umræddur stuðningur og Einar Örn benti stjórn á að kanna ráðningu á gegnum “Starfsorku” Vinnumálastofnunar.

Í framhaldi af því var því komið á framfæri við Hönnunarmiðstöð að félagið hefði áhuga á ráðningu starfsmanns í hlutastarf á móti öðrum aðildarfélögum. Starfsmaður sá myndi starfa innan Hönnunarmiðstöðvar og fá greidd laun frá Starfsorku og hverju félagi í samræmi við starfshlutfall. Ekki virtist þó á þeim tímapunkti sem önnur aðildarfélög væru tilbúin til slíks. Samkvæmt útreikningum og miðað við fjárhag Fatahönnunarfélagsins var ekki bolmagn til að ráða starfsmann eingöngu fyrir félagið, jafnvel ekki í hálf starf.

Sótt var um Átak til atvinnusköpunar tvisvar á vetrinum með það að markmiði að geta fjármagnað starfsmann tímabundið. Ekki fékkst styrkur.

Næstu skref eru að halda áfram samvinnu við Hönnunarmiðstöð um ráðningu starfsmanns innan miðstöðvarinnar með fjárveitingu frá hinu opinbera er starfa myndi m.a. fyrir félagið.

Samstarf við NFA og NICE

Á vormánuðum síðasta árs var þráðurinn við Nordic Fashion Association (NFA) tekinn upp aftur. NFA hefur sett sér markmið að Norðurlöndin verði leiðandi á sviði vistvænnar og sjálfbærrar fatahönnunar og skapi sér þannig sérstöðu á heimsmælikvarða. Mikilvægt er að Fatahönnunarfélag Íslands verði virkur þátttakandi í þessu norræna samstarfi.

Nokkrir fulltrúar íslenskra fatahönnunarfyrirtækja buðu sig fram til að taka þátt í ráði sem nefnist Advisory Board á vegum samtakanna og voru fjórir fulltrúar Íslands, Mundi Vondi, 8045, HANNA felting og Ásta Creative Clothes valdir til þátttöku í hönnunarkeppni á Fashion Summit 2012 úr vistvænum efnum.

Í janúar 2012 átti Vala óformlegan fund með Johan Arnø Kryger hjá Danish Fashion Institute í Kaupmannahöfn. Í mars sátu Vala og Halla Helgadóttir fyrir hönd Hönnunarmiðstöðvar fund með Atvinnuálanefnd Norrænu Ráðherranefndarinnar á Íslandi ásamt þeim Johan og Gisle Mardal frá Norwegian Fashion Institute, sem lögðu fram erindi um fjárframlag frá Ráðherranefndinni til ráðningar starfsmanns NFA hjá öllum aðildarlöndunum. Málinu verður fylgt eftir af Hönnunarmiðstöð og brýnt er að Fatahönnunarfélagið veiti aðhald um það mál.

3. maí var Copenhagen Fashion Summit 2012 haldin og fyrrnefndir fulltrúar Fatahönnunarfélagsins sátu ráðstefnuna og tóku þátt í keppninni um hönnun úr vistvænum efnum. Jafnframt sátu Vala og Halla Helgadóttir ráðstefnuna.

Tollamál

Hönnunarmiðstöð lagði fram erindi til viðkomandi aðila innan stjórnsýslunnar vegna tollamála er varða inn- og útflutning og sýnishornasendingar og varða einkum fatahönnuði. Gunnar Hilmarsson og Magni Þorsteinsson hafa verið ráðgjafar fyrir hönd fatahönnuða. Málið hefur tekið nokkra mánuði í vinnslu en ekki hefur fengist niðurstaða.

RFF

Vala og Greipur Gíslason fyrir hönd Hönnunarmiðstöðvar áttu fund með framkvæmdastjóra RFF á haustmánuðum til að kanna möguleika á samvinnu. Engin eftirfylgni varð af þeim fundi.

SI

Í framhaldi af sólarhrings stefnumótunarvinnu Samtaka iðnaðarins með fatahönnuðum, fataiðnaðinum og stuðningsumhverfinu í maí 2011 boðuðu SI til fundar í ágúst. Á fundinum voru niðurstöður stefnumótunarvinnunnar kynntar og hvernig hópurinn hafði forgangsraðað brýnustu verkefnum. Vinnuhópurinn hafði lagt fram drög að framtíðarsýn um að íslensk fatahönnun og framleiðsla yrði virt fyrir gæði og sérstöðu og að velta greinarinnar myndi aukast. Brýnustu verkefni voru m.a. samkvæmt vinnuhópi: Þekking fjárfesta á greininni og greinarinnar á fjárfestum, eftirfylgni stefnumótunar – framkvæmd verkefna, bætt skattaumhverfi, samvinna við norðurlönd, verkefnasjóður hönnuðu o.fl.

Ekkert varð af stofnun tískusamtaka eða áframhaldandi formlegu samstarfi aðila úr geiranum.

Vefsíðan www.fatahonnunarfelag.is

Ný heimasíða félagsins var vígð í nóvember 2010. Er síðunni ætlað að sinna markaðslegu hlutverki út á við og vera upplýsandi fyrir félagsmenn, efla tengslanet og samstöðu. Hugmyndin var að hluti vefsíðunnar yrði eingöngu aðgengilegur félagsmönnum (innri vefur) með gagnlegum upplýsingum um framleiðendur og fagfólk sem tengist geiranum og að meðlimir í félaginu deildu þar upplýsingum og reynslu.

Í ágúst 2011 varð virkt rafrænt umsóknareyðublað á síðunni og einfaldar það umsækjendum og stjórn umsóknarferlið. Vinna við útfærslu síðunnar er tímafrek og þar sem ekki hefur tekist að ráða starfsmann til verksins hefur síðan ekki orðið eins virk og til stóð. Eftirfarandi verk bíða:

- þýða á ensku.
- koma á framfæri við leitarvélar og áhugaverða tengla.
- virkja innri vef síðunnar.
- uppfæra nýjasta félagatalið.
- skipuleggja skilvirka svörun við fyrirspurnum.
- öflugt viðhald með fréttum og myndefni.

Félagsfundur

Boðað var til félagsfundar 14. nóvember. Halla Helgadóttir var þar til að kynna starfsemi og hlutverk Hönnunarmiðstöðvar. Aðeins einn félagsmaður mætti á fundinn og því ekki talin ástæða til frekari funda í vetur.

Fjárhagur félagsins

Eins og áður hefur komið fram voru félagsgjöld fyrir árið 2011 ekki innheimt.

Eign félagsins nam um 200.000 krónum um áramótin 2010-2011.

Félagið stóð straum af sýningu félagsins á HönnunarMarsi 2011 og vegna afmælisýningar í október 2011. Kostnaður við sýningarnar nam um 950 þúsundum króna, en styrkir á móti námu um 1.020.000 króna.

Aðrir stórir kostnaðarliðir voru auglýsingarinnar „Hönnuðir bjóða heimókn“ og ferðakostnaður vegna fatahönnunarkeppni NFA.

Þess ber að geta að enn skulda félagsmenn um 150 þús. krónur vegna aðstöðugjalda á SHOWROOM REYKJAVÍK 2010 og vegna þátttöku í auglýsingunni „Hönnuðir bjóða heimsókn“.

Verkefni næsta starfsárs 2012-2013

Stjórn þarf að halda áfram að leita leiða til að geta fjármagnað starfsmann félagsins ásamt einstaka verkefnum eins og t.d. HönnunarMars, samstarfs og funda á vegum NFA, sýninga o.fl. Kanna mætti möguleika á samstarfi við LHÍ og efla nemendaaðild að félaginu.

Stjórn ætti að móta stefnu til lengri tíma og beina starfseminni í farveg til markvissrar uppbyggingar íslenskrar fatahönnunar, sem tekjuskapandi starfsgreinar fyrir fagfólk og íslenskt þjóðarþú.

Fyrir hönd stjórnar
Valgerður Helga Schopka
formaður